

59

16. júní

BRÁÐABIRGÐALÖG

um viðauka við lög nr. 109 31. des. 1945, um togarakaup ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að í samræmi við stefnuskrá ríkisstjórnarinnar hafi hún látið fram fara athugun á kaupum nýrra togara til landsins, til viðbótar þeim togurum, sem áður hefur verið samið um smíði á. Athuganir þessar hafa sýnt, að öruggasta leiðin til þess að fá togara byggða erlendis fljótt og með hagkvæmum kjörum sé, að ríkisstjórnin gerist aðili að væntanlegum samningum um togarasmíðina.

Með því að ég fellst á, að brýn nauðsyn sé á því að setja bráðabirgðalög samkv. 28. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, gef ég út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Auk þeirra togara, sem um ræðir í 1. gr. laganna, er ríkisstjórninni heimilt að láta smíða eða kaupa allt að 10 togara erlendis og skal ráðstafa þeim á sama hátt og í lagagreininni segir.

Til þessara framkvæmda er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að 30 millj. kr. lán, er greiðist upp þegar skipin hafa verið seld

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 16. júní 1948.***Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

60

16. júní

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 42 5. apríl 1948, um útflutning og innflutning á íslenskum og erlendum gjaldeyri.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð mér, að samkvæmt álitum tollstjórans og lögreglustjórans í Reykjavík sé erfitt að framkvæma ákvæði 3. gr. laga nr. 42 5. apríl 1948, um útflutning og innflutning á íslenskum og erlendum gjaldeyri, sem skylda menn til að afhenda útlendingaeftirlitinu erlenda peningaseðla og erlenda skiptimynt, sem þeir flytja með sér frá útlöndum.

Vegna þessa gef ég út, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, svo hljóðandi bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 42 5. apríl 1948, um útflutning og innflutning á íslenskum og erlendum gjaldeyri.